

Sá, er lofar þann sem er lýta verður og lastar þann sem er lofsverður, tekur sér synd í munn, og í þeirri synd gefst honum engin gleði.

Lítilsverð er sú synd að kasta frá sér eignum með teningspili, hjá því að spilla annars huga með lognum getsökum.

Sá, er iðkar lygar, fer til helvítis, og sá, hafi hann eitthvað gjört en segir: „Ekki hefi eg gjört það.“ Eftir dauðann verða þeir jafnir í öðrum heimi, menn sekir um illan verknað.

Sá, er rægir saklausan mann, lausan við alla óvirðingu, illyrði hans snúast á hann sjálfan, eins og rykið, er kastað er upp í vindinn.

Sá, sem seldur er ágirnd og öfund, hann illmælir öðrum, en er sjálfur vantrúaður, naumur, ógreiðvikinn, óvingjarn, bakmálugur.

Ó þú illmálgi, fláráði, óveglegi, slaðrandi, smái, syndugi, lágborni illgjörðamaður! Varast margmálgi hér í heimi ella gistir þú kvalastaðinn. Þú leggur ólyfjan á ógæfu annara, atyrðir þá réttlátu, með synd þinni og misgjörðum fellur þú í dýkið.

Því gjörðir manna tynast ekki, þær fylgja mannum út fyrir æfina inn í annan heim.

IV. HVERFULLEIKI LÍFSINS.

Sannarlega, skamt er þetta líf. Innan hundrað ára fæðist maðurinn og deyr. Lífi hann lengur nær ellin honum samt.

Fólk ber áhyggjur, eilifar sorgir eyða aldri þess. Jafnvel það, er menn segja um „þetta er mitt“, skilur dauðinn eftir.

Líkt og maður er vaknar af svefni sér ekki lengur það sem hann hefir dreymt, á sama hátt sér hann ekki ástvininn eftir að hann er horfinn í dauða. Bæði sénir og heyrðir eru menn er gegnt geta til nafns, en aðeins varðveitist nafnið frá rotnun er maðurinn deyr.

V. RÉTTLÆTI.

Enginn sá, er réttlátur er, stjórnar með valdi og yfirgangi; nei, sá er aðgreinir gott og illt er lærður og leiðir aðra, ekki